



Stjórnarfundur Leiðsagnar 21. mars 2024 kl. 19:00

Fundurinn er haldinn á Stórhöfða en er jafnframt fjarfundur.

Mættir: Snorri Steinn Sigurðsson (SSS) formaður og Sigurður Albert Ármannsson (SAÁ) á raunfundi. Halldór Kolbeins (HK) varaformaður, Hallfríður Þórarinsdóttir (HÞ) ritari, Guðný Margrét Emilsdóttir (GME) gjaldkeri og Jóhanna Magnúsdóttir eru á fjarfundi.

Formaður setur fund kl. 19:04

Dagskrá:

1. Aðalfundur, kjör til formanns í 1 eða 2 ár?
2. Aðalfundur, fundarritari
3. Félagsfundur með VR 02.04.2024?

1. Formaður hefur máls á fyrsta lið og segir að málið sé leyst. Ágreiningur hafði orðið meðal leiðsögumanna um þetta atriði þar, sem fráfarandi formaður hafði verið kosinn til tveggja ára en lét af störfum eftir hálf ár. Því var leitað til ASÍ, sem sagði eitt ár. En svo kom í ljós að sérhvert félag hefur í raun sjálfðæmi um túlkun og var því niðurstaðan sú að kosið yrði til tveggja ára.
2. Aðalfundur ritari. Enn vantar ritara fyrir aðalfund þrátt fyrir leit. ASÍ vill ekki taka það að sér. Formaður segir einn möguleika vera að spyrja fundarstjóra hvort hann geti bent á einhvern. Formaður tekur málið að sér.
3. Félagsfundur með VR. Formaður Leiðsagnar ásamt HK og Karli Jóhannssyni félagsmanni fóru á fund með VR til að undirbúa fyrirhugaðan félagsfund. Félagsfundur Leiðsagnar með VR verður haldinn þann þriðjudaginn 2. apríl n.k. á Stórhöfða. Þar mun formaður VR, Ragnar Þór Ingólfsson mæta ásamt a.m.k. tveimur öðrum frá VR og kynna hvað sameining Leiðsagnar við VR gæti hugsanlega falið í sér. Þetta er ekki samningafundur einungis kynningarfundur.

Önnur mál.

Kjörstjórn. Kjörstjórn er fullskipuð. Í henni sitja af hálfu Leiðsagnar, Kári Jónasson og Hildur Bjarnason. Karen Ósk Nielsen Björnsdóttir lögfræðingur ASÍ er skipuð af ASÍ, sem oddamaður í kjörstjórn að beiðni trúnaðarráðs Leiðsagnar.

Mál JSJ vegna vanskila á s.k. *Fagbók leiðsögumanna*, sem hann hlaut styrk til að vinna árið 2021 en hefur enn engu skilað. Vorið 2023 tók Leiðsögn við málinu af Endurmenntunarsjóði,

sem hafði aldrei gert neinn samning við JSJ. Leiðsögn gerði samning við JSJ í ágúst 2023 um verkframvindu og verklok eigi síðar en í árslok 2023. JSJ hefur engu skilað og því var rætt um hvernig bregðast skyldi við.

Næsti stjórnarfundur. Formaður leggur til þriðjudaginn 26. mars. Á þeim fundi verður farið yfir ársreikninga, sem nú er verið að leggja lokahönd á.

Bókun:

Ég undirrituð Guðný Margrét Emilsdóttir legg fram eftirfarandi bókun: Ég geri alvarlegar athugasemdir að aðalmaður í stjórn kjörinn af félagsmönnum Leiðsagnar til tveggja ára 2023, hafi ekki verið boðuð á fund með stéttarfélaginu VR þar sem til umræðu var hugsanleg innganga stéttarfélagsins Leiðsagnar í stéttarfélagið VR. Undirrituð hefur lagt ofur áherslu á að kanna þennan möguleika, haft frumkvæði að umræðunni bæði á trúnaðarráðsfundum og stjórnarfundum. Það er vanvirðing við stjórnarmann sem hefur haft þessa aðkomu að málinu að hann hafi ekki fengið að sitja þennan fyrrnendsm fund með VR. Ég hef jafnframt óskð eftir bókunum sem ekki hafa verið birtar í fundargerðum trúnaðarráðs.

Guðný Margrét Emilsdóttir

Fundi slitið kl.19:51.